

Tíundi fundur nefndar. Haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 1, dags. 05.03.2019. Fundur hófst kl. 11:30.

**Fundinn sátu:** Líneik Anna Sævarsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Óli Halldórsson, Valtýr Valtýsson, Dagbjört Jónsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson (frá kl. 12:00), Steingrímur J. Sigfússon, Steinar Kaldal.

**Forföll boðuðu:** Vilhjálmur Árnason, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Halldóra Mogensen, Bergþór Ólason.

**Fundagerð ritaði:** Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

### **Þetta gerðist:**

#### **1. Framvinda vinnu/tímarammi verkefna:**

Formaður fór yfir stöðuna á þeim verkefnum sem nefnd vinnur að, þ.e. tillögu að mörkum þjóðgarðs, tillögu að skiptingu svæða í verndarflokka, tillögu um aðkomuleiðir, þjónustumiðstöðvar, svæðaskiptingu og rekstrarsvæði og tillögu að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun. Formaður og verkefnisstjóri fóru einnig yfir beiðnir um samráð eða kynningar sem borist hafa frá síðasta fundi vegna vinnu nefndar. Formaður og/eða verkefnastjóri hafa brugðist við slíkum beiðnum á milli nefndarfunda fyrir hönd nefndarinnar og átt fundi með sveitastjórn Borgarbyggðar, fulltrúum frá Ferðaklúbbnum 4X4 og frá Landvarðafélagi Íslands og rætt ofangreind málefni.

Nefndin ræddi um vinnu við framsetningu tillagna um skilgreiningu á mörkum þjóðgarðsins og áherslum um skiptingu landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka. M.a. var rætt um þörf á utanaðkomandi ráðgjöf fyrir nefndina á næstu vikum. Fram komu hugmyndir um að sækja ráðgjöf til Náttúrufræðistofnunar Íslands um útfærslu á heildum/þekjum nærri mörkum þjóðlendna og/eða ríkisjarða á miðhálandinu og einnig að leita til erlendra og/eða íslenskra ráðgjafa sem þekkingu eða reynslu hafa af verndarflokkun.

Í samhengi við þetta var rætt um tímaramma verkefna og uppfærslu hans. Farið var yfir áður samþykktan tímaramma (sjá glærur fundar) og í samhengi við hann rætt um að samráðsfundir með sveitarfélögum hafa sýnt fram á að hentugt sé að vinna tillögu um a) mörk þjóðgarðs b) skiptingu svæða í verndarflokka og c) aðkomuleiðir, þjónustumiðstöðvar, svæðaskiptingu og rekstrarsvæði sem samhangandi verkefni. Með tilliti til þess var farið yfir tillögu að uppfærðum tímaramma (sjá glærur fundar). Eftir umræðu taldi nefnd heppilegt að færa vinnu við tillögur um helstu áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun framur þannig að þær áherslur verði lagðar til grundvallar. Þ.e.a.s. betra sé að setja fram tillögur um það verkefni fyrst og svo tillögur um þessi þrjú verkefni saman út frá megináherslum í stjórnar- og verndaráætlun.

Nefnd ræddi einnig um að mikilvægt væri að huga fljótlega að vettvangsferðum á miðhálandið. Rætt var um að hentugt væri að fara í lok júní en að einnig þyrfti að hafa í huga hvenær fært yrði á miðhálandið (mismunandi eftir svæðum) og skipuleggja ferð/ferðir út frá því.

*Nefnd samþykkir fyrrgreinda tilhögun og uppfærslu tímaramma. Tillögur nefndar um helstu áherslur í stjórnunar- og verndaráætlunum verði unnar fyrst og settar í samráðsgátt í lok mars/byrjun apríl. Tillögur að hinum verkefnum þremur verði unnar saman og yfir lengri tíma og settar í samráðsgátt í lok apríl/byrjun maí. Leitað verði til sérfróðra aðila um útfærslur á umræddum viðfangsefnum. Formanni og verkefnastjóra er falið að leita slíkrar ráðgjafar út frá áherslum nefndarinnar og bera tillögur upp á komandi fundum nefndarinnar til yfirferðar. Varðandi vettvangsferð(ir) nefndar er verkefnastjóra falið að gera tillögu að skipulagi og tímasetningum og bera upp við nefnd.*

## **2. Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun:**

Verkefnisstjóri fór yfir hvað skrifað er um stjórnunar- og verndaráætlanir í íslenskum lögum um náttúruvernd. Því næst dró hann saman í nokkrum punktum til hvers stjórnunar- og verndaráætlanir eru gerðar.

Rætt var um tillögur nefndar um helstu áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun. Fyrir nefndinni liggja minnisþingar fjölmargra samráðsfunda. Í ljósi þessa, sem og áherslna sem komu fram í umræðum leggur nefndin áherslu á eftirfarandi þætti í stjórnunar- og verndaráætlun:

- **Dreifstýring/vald heimamanna**

Nefndin telur dreifstýringu mikilvæga/skilyrði fyrir framgangi verkefnisins, þ.e. sveitarfélög og hagaðilar haldi þátttöku í stjórnun og skipulagi t.a.m. í gegnum svæðis- eða umdæmisráð.

- **Samstarf/samningar við heimaaðila**

Fyrir liggur að mjög gott starf er unnið af heimamönnum, t.d. ferðafélögum, veiðifélögum, upprekstrarfélögum og bændum, víða á svæðum miðhálandisins og í jaðri þess. Nefndin telur mikilvægt að við stofnun og rekstur þjóðgarðs verði byggt frá upphafi á nánu samstarfi við aðila af þessu tagi. Þannig verði skoðað hvort þróa megi nýjar leiðir að styðja við búsetu og atvinnulíf á nærsvæðum þjóðgarðs, mögulega með útfærðu samstarfi og/eða þjónustusamningum.

- **Nytjaréttur á hálandinu**

Nefndin telur mjög brýnt að hefðbundnar nytjar haldist í hálandisþjóðgarði, s.s. beitarnýting og veiði, enda sé slíkri nýtingu almennt þegar stýrt í lögbundnum farvegi. Einnig verði stefnt að því að viðhalda réttindum sem nú þegar eru tryggð í þjóðlendum, s.s. fyrir sveitarfélög og/eða aðila sem stunda atvinnurekstur eða kunna að hafa áform um slíkt. Sömuleiðis að tryggja þyrfti að umsvif og tekjur verði eftir í héraði, t.a.m. með útfærslu atvinnustefnu.

- **Aðgengi, almannaréttur**

Nefndin telur mikilvægt að gætt verði að almannarétti til aðgengis um hálendið með stofnun þjóðgarðs til ýmis konar útivistar. Við vinnslu stjórnunar- og verndaráætlunar verði leitað samráðs við aðila sem nú nýta hálendið í slíkum tilgangi til að útfæra leiðir til aðgengis um hálendið m.t.t. þolmarka svæðisins á grundvelli sjálfbærni.

- **Samgöngur um hálendi**

Nefndin telur nauðsynlegt að hafa í huga mikilvægi aðgengi að miðhálendinu og samgangna í því tilliti. Nefndin leggur áherslu á að þjóðgarður á miðhálendinu bjóði upp á möguleika til útivistar og að aðgengi sé eftir því. Nefnd leggur jafnframt áherslu á að þróun og uppbygging samgangna þurfi að vera í samræmi við áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun garðsins (sjá næstu áherslu).

- **Vernd náttúru svæðisins**

Nefndin telur nauðsynlegt að horfa til þess að verndarmarkmið þjóðgarðs á miðhálendinu snúi sérstaklega að viðhaldi lítt snortinna víðerna og náttúruverðmæta hálendisins á heildstæðan hátt, þó einnig verði horft til stakra náttúruminja eða svæða sem kunni að útfæra með sérstökum hætti.

- **Öryggismál og vöktun**

Nefnd telur mikilvægt að hugað verði vel að öryggismálum og vöktun á miðhálendinu. Ljóst er að þjóðgarður á miðhálendinu mun auka aðdráttarafli svæðisins og þar með fjölda ferðamanna á svæðinu. Stór hluti af öryggisþjónustu miðhálendisins er unninn af björgunarsveitum í sjálfbóðaliðavinnu og telur nefndin að mögulega þurfi að horfa til sértækra aðgerða gagnvart öryggismálum við stofnun þjóðgarðs.

- **Þjónusta, fræðsla og upplýsingar**

Mikilvægt er að mati nefndar að í stjórnunar- og verndaráætlun verði lagðar línur um þá þjónustu sem boðið verði upp á í hálendisþjóðgarði. Upplýsingar þurfi að liggja fyrir um hvaða lágmarksþjónustu þjóðgarðurinn skuldbindi sig til að bjóða upp á auk frekari upplýsinga um aðra þjónustu og fræðslu sem gestir garðsins geti nýtt sér.

*Nefnd samþykkir ofangreind megináhersluatriði og felur verkefnisstjóra að útfæra tillögur um helstu áherslur í stjórnunar- og verndaráætlun m.t.t. þeirra.*

### **3. Umræða um: a) Mörk b) Innviði (gáttir, rekstrarsvæði, þjónustumiðstöðvar, svæðaskiptingu) c) Verndarflokka.**

Nefnd ræddi um ofangreind verkefni, m.a. í samhengi við ábendingar og tillögur sem fram komu við samráðsvinnu á síðustu vikum. Varðandi a) og c) þá mun nefnd nýta sér gögn samráðsfunda auk þess að fá ráðgjöf sbr. bókun í 1. dagskrárlið. Varðandi b) þá mun nefnd einnig nýta sér gögn samráðsfunda auk þess sem skoðað verður nánar hvar mannvirki og

Þjónusta sé til staðar á miðhálandinu og hvernig það fari saman við mörk og svæðaskiptingu þjóðgarðsins.

Að lokum var rætt um tímasetningu næsta nefndarfundar.

Nefnd ákvað að funda næst 26. mars. Verkefnisstjóri mun senda fundarboð.

**Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 12:55.**